

18. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í Sauðfjarsetrinu á Ströndum, í Steingrímsfirði og í fjarfundi (Teams) 26. maí 2025 kl 13.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson (Teams), Bragi Þór Thoroddsen, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir (Teams), Finnur Ólafsson, Hulda Birna Albertsdóttir, Jóhanna Ösp Einarisdóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, (Teams), Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir (Teams) og Þorgeir Pálsson. Auk þeirra sat fundinn Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð sem áheyrnarfulltrúi.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir og Páll Vilhjálmsen.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðpróunar sem ritaði einnig fundargerð og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

1. Umfjöllun um efni 6. kafla atvinnulíf og nýsköpun og 7. kafla menningarauður
2. Umfjöllun um drög að vinnslutillögu og afgangiðsla tillögu um kynningu
3. Kynningaráætlun

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og kynnti að Jóhönnu Ösp myndi seinka. Hún kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár.

1. Umfjöllun um efni 6. kafla atvinnulíf og 7. kafla menningarauður

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hrafnkell kynnti að eftir að drög að vinnslutillögu fyrir 6. og 7. kafla voru send út í síðustu viku og unnar voru á grundvelli umræðu 17. fundar, hefðu komið fram stefnumarkandi ábendingar að hálfu Vestfjarðastofu og fleiri aðila. Hrafnkell óskaði eftir að hefja umræðu um þær ábendingar. Formaður gaf Sigríði K orðið og skýrði hún sjónarmið Vestfjarðastofu.

Rædd voru sjónarmið um nýsköpun, stóriðnað, stóriðju, matvælaframleiðslu og menntun.

Til máls tóku auk formanns Sigríður K, Þorgeir, Þórkatla, Arnlín, Bragi, Herdís, Kristján, Hrafnkell, Finnur, Sigríður B og Aðalsteinn.

Að lokinni umræðu gerði formaður tillögu um að boða til aukafundar í byrjun júní n.k.. Lagði hún til að hugtök er varða atvinnustefnu yrðu endurskoðuð og verði ráðgjöfum og Vestfjarðastofu falið að koma með tillögu þess efnis, auk þess að fara yfir ábendingar sem komið hefðu fram í umræðu á fundinum og áður framkomnar ábendingar um kafla 6 og 7..

Tillagan samþykkt.

Jóhanna Ösp mætti til fundar.

2. Umfjöllun um drög að vinnslutillögu og afgreiðsla tillögu um kynningu

Formaður kynnti að nú yrði farið yfir aðra kafla vinnslutillögu og framsetningu leiðarljósum, markmiðum og áherslum hvers kafla og gaf síðan Hrafnkeli og Herdísi orðið. Að aflokinni framsögu þeirra tóku til máls auk formanns þau Matthías, Bragi, Arnlín, Finnur, Aðalsteinn, Sigríður K, Kristján, Bragi, Jóhanna, Þórkatla

Farið yfir fyrstu tillögu á umhverfismati svæðisskipulagsins, kafla 9. Enginn tók til máls.

Farið yfir framsetningu texta, tillagna, kortum og gröfum í greinargerð skipulagsins og óskað eftir ábendingum um efnistöð og framsetningu. Til máls tóku auk formanns, Finnur, Kristján, Hulda, Sigríður B og Jóhanna.

Formaður gaf orðið laust um skjalið í heild sinni með fyrirvara að umræða yrði tekin á aukafundi í fyrstu viku júní n.k.. Til máls tóku auk formanns, Jóhanna.

Formaður kynnti þar sem umræða um aðra kafla greinargerðar hefði gengið vel og því gæfist tími til taka aftur upp umfjöllun um efni 6. kafla, atvinnu og nýsköpun, hún gaf Herdísi orðið.

Raforkunotkun. Herdís lagði til að nefndin nýtti tækifærið til að fjalla um stefnu um raforkunotkun í atvinnulífi og mögulega framsetningu markmiðs. Til máls tóku auk formanns og Herdísar, Þorgeir, Aðalsteinn, Kristján, Matthias, Finnur, Bragi, Arnlín, Sigríður K, Jóhanna, Sigríður B og Hulda.

Formaður lagði til í ljósi umræðu, tillögu sem hér segir. *Svæðisskipulagsnefnd – eða annað ráð – taki stöðuna á orkuöflun og nýtingu reglulega, með vísan til ákvæða 8. kafla um endurskoðun svæðisskipulags.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

Matarkistan Vestfirðir. kafla 6.2. Til máls tóku Matthías, Jóhanna, Þorgeir, Kristján, Sigríður K. Formaður lagði fram tillögu um nýtt heiti kaflans verði *Nýsköpun og virðisauki*. Samþykkt samhljóða.

Ferðapjónusta 6.3. Til máls tóku auk formanns, Kristján, Bragi, Sigríður K,

Nýsköpun og hringrásarhugsun Formaður lagði til í ljósi fyrri umræðu á fundinum um nýsköpun, að kaflinn verði færður fram og til samræmis við umræðu um nýsköpun.

Formaður gaf Hrafnkeli orðið.

Hrafnkell kynnti breytt orðalag í inngangi að 7. kafla um Menningarauð. Til mál tóku auk formanns, Arnlín.

Formaður gerði tillögu að aflokinni umræðu að gera nýja samþykkt nefndarinnar um afgreiðslu vinnslutillögu; *Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða samþykkir efni vinnslutillögu til kynningar en felur skipulagsráðgjöfum að ganga frá skjalinu til lokaútgáfu.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Kynningaráætlun

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti drög að tillögu um kynningaráætluna miðað við að birtingu vinnslutillögu í skipulagsgátt 4. júní. Haldnir verði kynningarfundir undir formi af Opnu húsi, fundir hæfust kl 17.00 á eftirtöldum stöðum Patreksfirði 10. júní, Hólmavík 11. júní og Ísafirði 12. júní n.k..

Boðað yrði til funda með völdum aðilum s.s. ungmennaráði Fjórðungssambands og sóknarhópi Vestfjarðastofu, auk þess verði fundir með sveitarstjórnnum ef óskað er. Miðað yrði við umsagnarfrestur vinnslutillögu verði fram í miðjan ágúst n.k..

Formaður gerði tillögu um að næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verði haldinn þriðjudaginn 3. júní kl 10.30. Dagskrá fundarins verði yfirferð á vinnslutillögu til kynningar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Formaður þakkaði nefnarmönnum og starfsmönnum fyrir þátttöku í fundinum og sleit fundi kl 15.50.